

Fimmtudaginn 28. mars 1996.

Nr. 31/1995.

Heimilistæki hf.

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

Þrotabúi Miklagarðs hf.

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Óvenjulegur greiðslueyrir. Málsástæða.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson próffessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1995. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti bar áfrýjandi meðal annars fyrir sig, að hann hefði ekki tekið við þeim vörum í apríl og maí 1993 frá Miklagarði hf., er málið varðar, sem greiðslu á við- skiptaskuld hins síðarnefnda við sig. Þess í stað hefðu þar farið fram sjálfstæð reikningsviðskipti með kaupum áfrýjanda á vörum frá fé- laginu. Í desember 1993 hefði áfrýjandi lýst yfir skuldajöfnuði með inneign sinni hjá stefnda við reikningskröfurnar á hendur sér vegna þessara viðskipta. Telur áfrýjandi, að þessi skuldajöfnuður hafi verið heimill samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. og geti ekki komið til riftunar á greiðslunni, sem hann fékk á þann hátt, eftir 134. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að áfrýjandi hafi á fyrri stigum vísað til þessara atvika sem röksemd fyrir sýknukröfu sinni og gert þau þannig að málsástæðu. Hefur stefndi einnig mótmælt, að þessi málsástæða fái komist að fyrir Hæstarétti. Þegar af þessum sökum og með vísan til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, verður niðurstaða málsins ekki reist á þessari málsástæðu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfest- ur um annað en þá vexti, sem áfrýjanda verður gert að greiða af

kröfu stefnda. Verða dráttarvextir dæmdir af kröfunni frá 23. mars 1994, þegar mánuður var liðinn, frá því að stefndi lýsti yfir riftun við áfrýjanda og krafði hann um greiðslu, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um riftun og málskostnað skulu vera óröskuð.

Áfrýjandi, Heimilistæki hf., greiði stefnda, þrotabúi Miklagarðs hf., 890.215 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. mars 1994 til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 23. nóvember sl., hefur þrotabúi Miklagarðs hf., kt. 601083-0869, Lágmúla 5, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. mars 1994, á hendur Heimilistækjum hf., kt. 640979-0389, Sætúni 8, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á viðskiptaskuld Miklagarðs hf. við stefnda, að fjárhæð 895.995 kr.

2. Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda 895.995 kr. Þá krefst stefnandi dráttarvaxta af tildæmdri fjárhæð frá 1. júní 1993 til greiðsludags samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Jafnframt krefst hann þess, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1994, í samræmi við 12. gr. sömu laga.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi gerir eftirfarandi varakröfur:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á viðskiptaskuld Miklagarðs hf. við stefnda, að fjárhæð 895.995 kr.

2. Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda 890.215 kr.

Þá eru sem varakröfur gerðar sömu kröfur og í aðalkröfu um vexti og málskostnað.

Stefndi gerir eftirgreindar dómkröfur:

1. Að hann verði sýknaður af riftunarkröfu stefnanda.
2. Að hann verði sýknaður af endurgreiðslukröfu stefnanda.
3. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Mikligarður hf. var upphaflega sameignarfélag í eigu Sambands íslenskra samvinnufélaga og þriggja kaupfélaga, stofnaður í janúar 1983 til þess að reka stórmarkað með matvöru og sérvöru í Holtagörðum. Hinn 1. janúar 1990 var Miklagarði sf. breytt í hlutafélag, Miklagarður hf., en þá sameinuðust félaginu verslunardeild Sambandsins og verslunarrekstur Kron. Tilgangur hlutafélagsins skyldi vera heilðsölu- og smásöluverslun, innflutningur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur atvinnurekstur. Mikligarður hf. rak um skeið fjóra stórmarkaði undir nafninu Kaupstaður og auk þess fimm svonefndar 11/11-verslanir auk stórmarkaðarins í Holtagörðum og umfangsmikillar innflutningsverslunar.

Mikligarður hf. var rekinn með stórfelldu tapi allt frá byrjun. Eigið fé félagsins var neikvætt um 355 milljónir króna bókhaldsárið 1991–1992, en tap á rekstrinum það tímabil var 395 milljónir króna. Samkvæmt áritun endurskoðenda fyrirtækisins á rekstrarreikning þess fyrir árið 1991 var vafamál, hvort félagið gæti haldið áfram starfsemi sinni. Þegar þetta lá ljóst fyrir, greip stjórn félagsins til þess ráðs að auka hlutafé með það að markmiði að bjarga rekstrinum. Í kjölfar þess var 30. september 1992 ákveðið að auka hlutafé fyrirtækisins úr 53 milljónum í 670 milljónir. Átti sú ráðstöfun að tryggja rekstur og efnahag Miklagarðs hf. til frambúðar. Í reynd var hlutaféð aukið um 453 milljónir, en þrátt fyrir þessar ráðstafanir var fyrirtækið áfram rekið með stórfelldu tapi.

Á stjórnarfundum 11. desember 1992 lagði þáverandi framkvæmdastjóri fram bráðabirgðauppgjör vegna rekstrar síðustu 11 mánaða og áætlaðrar afkomu fyrir 12. mánuðinn. Áætlun þessi gerði ráð fyrir, að halli ársins 1992 yrði 153,9 milljónir. Á fundinum komu fram áhyggjur stjórnarmanna af miklum taprekstri fyrirtækisins og stöðu ýmissa deilda þess.

Hinn 22. mars 1993 barst stjórn Miklagarðs hf. bréf frá bankastjórn Landsbanka Íslands, aðalviðskiptabanka fyrirtækisins, þar sem fram kom það álit stjórnar bankans, að Mikligarður hf. væri ekki í stakk búinn til að starfa áfram. Þetta álit bankastjórnar var reist á athugunum starfsmanna

bankans og óendurskoðuðum drögum endurskoðenda Miklagarðs að ársreikningi fyrir árið 1992. Í bréfinu kom fram það álit bankans, að fjárhagsstaða félagsins væri orðin slík, að þegar yrði að grípa til ráðstafana, sem miðuðu að því, að rekstri félagsins yrði hætt. Einnig var tekið fram, að bankinn legði á það áherslu, að stjórn félagsins gerði grein fyrir því, hvaða ráðstafanir hún áformaði að gera til að hætta starfsemi félagsins og gera upp við bankann og aðra kröfuhafa. Í bréfinu var það skilyrði sett fyrir framhaldi viðskipta, að fulltrúi bankans samþykkti dag hvern öll áform félagsins um greiðslur til einstakra lánardrottna.

Stjórn Miklagarðs hf. kom saman 22. mars 1993. Á þessum fundi voru lagðar fyrir stjórnina bráðabirgðatölur vegna uppgjörs ársins 1992, sem vísað var til í bréfi Landsbankans. Sýndu tölur þessar, að áætlað tap ársins 1992 var orðið 472.184.401 kr. Einnig ræddu fundarmenn áðurnefnt bréf Landsbankans og þær ráðstafanir, sem grípa yrði til í rekstri fyrirtækisins. Að loknum miklum umræðum samþykkti stjórnin þá tillögu stjórnarformanns að fela fulltrúum Sambandsins í stjórn Miklagarðs hf. að gera stjórn Sambandsins grein fyrir stöðu Miklagarðs hf. Stjórn Miklagarðs hf. kom svo aftur saman 25. mars 1993. Á þeim fundi var lýst þeirri ákvörðun Sambandsins að hætta afskiptum af rekstri Miklagarðs hf. og að leggja fyrir stjórn Miklagarðs hf. að selja fyrirtækið, annaðhvort í heilu lagi eða einstakar deildir þess. Á fundinum var ákveðið að segja upp öllum starfsmönnum félagsins frá 1. apríl 1993 að telja. Ákveðið var að ráðast ekki í neinar nýjar fjárfestingar og að greiða aðeins þær skuldir, sem óhjákvæmlegt væri að greiða til þess að geta haldið áfram rekstrinum. Þá skyldi aðeins kaupa þær vörur, sem nauðsynlegar væru til endursölu með skemmsta mögulega fyrirvara. Með sama hætti skyldi leitast við að afþakka þær vörur, sem ætla mætti, að yrðu fyrirtækinu fljótt þyngjandi birgðalega. Að lokum skyldi stefnt að því að selja eignir og rekstrarþætti fyrirtækisins.

Í kjölfar þessa fundar var fjölmiðlum 26. mars 1993 send fréttatilkynning frá stjórn Sambandsins og stjórn Miklagarðs hf., og kom þar fram, að hallarekstur fyrirtækisins væri meiri en gert hefði verið ráð fyrir. Þar kom einnig fram, að ákveðið hefði verið að selja allar rekstrareiningar fyrirtækisins. Með bréfi framkvæmdastjóra Miklagarðs hf., dags. 31. mars 1993, var þessi ákvörðun kynnt og öllum „birgjum“ tilkynnt um breytta viðskiptahætti.

Þegar hér var komið, telur stefnandi fullvíst, að Miklagarður hf. hafi verið kominn í greiðsluþrot, og fullyrðir, að stefnda hafi verið kunnugt eða mátt vera um það kunnugt. Bú Miklagarðs hf. var að beiðni stjórnar félagsins tekið til gjaldþrotaskipta 15. júní 1993 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Innköllun til kröfuhafa var birt í Lögbirtingablaði 7. júlí 1993, og var

fyrsti skiptafundur haldinn 3. nóvember 1993. Samtals námu lýstar kröfur í búið 1.778.822.754,83 krónum.

Lýsing stefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá, að viðskipti Miklagarðs hf. við stefnda hafi verið með nokkuð reglubundnum hætti árið 1993, eins og fram komi í fram lagðri könnun Emils Theódórs Guðjónssonar, löggilts endurskoðanda. Vörukaupin hafi að jafnaði verið greidd með víxlum, samþykktum af Miklagarði hf., en vörukaup apríl-, maí- og júnímánaðar 1993 hafi verið greidd með peningum. Stefndi hafi lítið keypt af stefnanda, en af áðurnefndri könnun megi sjá, að vörusala til stefnda á árinu 1992 hafi numið 73.353 krónum.

Stefndi hafi í apríl og maí 1993 tekið út vörur að andvirði 1.134.256 kr. Þegar vörusala þessi hafi farið fram, hafi stefnandi verið í víxilskuld við stefnda. Skuldajöfnun vegna úttekta stefnda hafi ekki farið fram í bókum hins gjaldþrota félags. Með bréfi, dags. 29. desember 1993, hafi stefndi lýst yfir skuldajöfnun af sinni hálfu. Riftunarbréf hafi verið sent 23. febrúar 1994. Engin viðbrögð hafi borist við bréfi þessu. Skiptastjórar þrotabúsins hafi því talið málsókn þessa óhjákvæmilega, þar sem stefndi hafi ekki fallist á riftun og endurgreiðslu.

Greiðslan, sem krafist er riftunar og endurgreiðslu á, er sundurliðuð þannig:

Samkvæmt aðalkröfu:

Vöruúttekt 20. apríl 1993	kr.	651.095
Vöruúttekt 21. apríl 1993	–	172.747
Leiðrétting vörukaupa 21. apríl 1993	–	191.942
Vöruúttekt 12. maí 1993	–	216.599
Vöruúttekt 19. maí 1993	–	217.865
Vöruúttekt 21. maí 1993	–	67.892
		<hr/>
Samtals	kr.	1.134.256

Þar af er greidd viðskiptaskuld, 311.614 kr., en 895.995 kr. eru stefnuþjárhæð þessa máls.

Samkvæmt varakröfu:

Vörukaup Miklagarðs hf. í apríl 1993	kr.	120.512
Greitt í apríl 1993	–	120.512
Vörukaup Miklagarðs hf. í maí 1993	–	303.789

Greitt í maí 1993	–	205.430
Vörukaup Miklagarðs hf. í júní 1993	–	5.780
Greitt í júní 1993	–	98.359
		<hr/>
Samtals	kr.	5.780

sem dregst frá stefnufjárhæð í varakröfu máls þessa.

Skiptastjórar hafa lýst yfir, að þeir muni samþykkja almenna kröfu stefnda í þrotabúið, jafna að höfuðstól þeirri fjárhæð, sem þrotabúið vinnur úr hendi stefnda, auk vaxta til 15. júní 1993, ef krafa búsins um riftun og endurgreiðslu nái fram að ganga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur, að um almenn skilyrði til riftunar sé óumdeilanlega að ræða. Ljóst sé, að möguleikar kröfuhafa til að fá fullnustu krafna sinna aukist, ef riftun nái fram að ganga, og einnig sé ljóst, að greiðsla til stefnda á viðskiptaskuld Miklagarðs hf. hafi ekki verið í samræmi við greiðslur til annarra kröfuhafa og því leitt til mismununar kröfuhafa.

Kröfu sína um riftun reisir stefnandi á eftirfarandi:

A. Að greiðsla viðskiptaskuldar Miklagarðs hf. hafi verið innt af hendi með vöruúttekt stefnda, sem teljist óvenjulegur greiðslueyrir úr hendi Miklagarðs hf., og sé því greiðslan riftanleg með vísan til 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991.

B. Kröfu sína um riftun styður stefnandi einnig sjálfstætt því, að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt orðið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og sé riftanleg með vísan til 141. gr. gjaldþrotalaga.

Stefnandi telur, að skilyrði 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotalaga séu fyrir hendi. Þessi skilyrði, sem séu hlutlæg, séu:

1. Að um sé að ræða greiðslu skuldar. Um þetta skilyrði vísist m. a. til könnunar, sem Emil Theódór Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi, hafi unnið fyrir skiptastjóra á bókhaldi Miklagarðs hf. Þar komi greinilega fram, að um sé að ræða greiðslu viðskiptaskuldar, sem hafi orðið til vegna vörukaupa Miklagarðs hf. hjá stefnda.

2. Að greiðslan hafi verið innt af hendi á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Skuldin hafi verið greidd með úttektum í apríl og maí 1993, en frestdagur miðist við 15. júní 1993, er bú Miklagarðs hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, og sé því tímamörkum greinarinnar fullnægt.

3. Að skuldin hafi verið greidd með óvenjulegum greiðslueyri. Um þetta skilyrði vísist til fyrrgreindrar könnunar Emils Theódórs Guðjónssonar,

löggilts endurskoðanda. Í henni komi m. a. fram, að greiðslan sé óvenjuleg, sé litið til fyrri viðskipta fyrirtækjanna. Af skýrslunni sé ljóst, að Mikligarður hf. hafi í viðskiptum sínum við stefnda greitt skuldir sínar með peningum eða víxlum, samþykktum af Miklagarði hf., og verði ekki séð, að um greiðslur í öðru formi hafi verið samið.

4. Að greiðslan hafi ekki verið venjuleg eftir atvikum, en stefnandi fullyrðir, að engin venja hafi ríkt í viðskiptum aðilanna í þessa veru, og vísar m. a. um þetta skilyrði til könnunar Emils Theódórs, sem fyrr er getið.

Stefnandi miðar einnig riftunarkröfu sína sjálfstætt við 141. gr. gjaldþrotalaga og telur, að skilyrði lagagreinarinnar séu fyrir hendi, en þau séu:

1. Að greiðslan hafi verið ótilhlýðileg sem slík, m. a. vegna grandsemi stefnda um ógjaldfærni Miklagarðs hf.

2. Að greiðsla skuldarinnar hafi verið sumum kröfuhöfum til hagsbóta á kostnað annarra.

3. Að Mikligarður hf. hafi verið ógjaldfær, þegar greiðslan var innt af hendi.

4. Að stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni Miklagarðs hf., þegar greiðslan hafi verið innt af hendi, og þau atvik, sem gerðu það að verkum, að greiðslan var ótilhlýðileg.

Auk framangreindra málsástæðna vísar stefnandi til skilnings fræðimanna og dómaframkvæmdar á þessum lagaákvæðum.

Krafan um endurgreiðslu sé reist á 1. mgr. 142. gr. gjaldþrotalaga að því leyti, sem riftunarkrafan sé reist á 134. gr. laganna, en á 3. mgr. 142. gr. sömu laga að því leyti, sem riftunarkrafan sé reist á 141. gr. gjaldþrotalaga.

Krafan um vexti og dráttarvexti sé studd ákvæðum III. kafla laga nr. 25/1987. Krafan um málskostnað sé samkvæmt 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. einkamálalaga nr. 19/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi skýrir frá því, að hann sé heild- og smásali og skipti við fjölmarga aðra heildsala, og hafi viðskipti sín verið tíð við íslenska heildsala aðra en Miklagarð hf. Stefndi mótmælir þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um, að Mikligarður hf. hafi verið kominn í greiðsluþrot í marslok 1993.

Stefndi hafi átt í viðskiptum við Miklagarð hf., eftir að greiðslur þær, sem krafist er riftunar á, fóru fram, og fengið greitt fyrir þær vörusendingar með peningum. Alkunna hafi verið, að Mikligarður hafði verið rekinn með tapi allt frá byrjun rekstrar. Fréttir af hallarekstri á vordögum 1993 hafi því á engan hátt verið nýmæli og ekki gefið stefnda tilefni til að ætla, að greiðsluþrot vofði yfir.

Stefnda hafi verið ókunnugt um yfirvofandi greiðsluþrot Miklagarðs hf. og greiðsluþrot félagsins ekki verið ákvörðunarstæða stefnda fyrir vörukaupum í apríl og maí 1993. Sannleikurinn sé sá, að Mikligarður hf. og stefndi hafi hvor tveggja verið heildsalar á sama sviði. Mikligarður hf. hafi boðið sambærilega vöru og stefndi seldi í verslunum sínum á hagstæðara verði en mögulegt hafi verið að finna á markaðnum, og einnig hafi Mikligarður hf. haft á boðstólum vörur, sem ekki hafi verið til undir þeim vörumerkjum, sem stefndi hafi selt allajafna í verslunum sínum. Í öllum tilvikum hafi munað verulega á verði, og því hafi stefndi haft verulega hagsmuni af viðskiptunum við Miklagarð hf., sbr. eftirfarandi yfirlit, þar sem efri varan sé frá stefnda, en hin neðri frá Miklagarði hf.:

Vöruflokkur	Heildsv. án vsk.	Heildsv. m. vsk.
Philips-örbylgjuofn AUM 600	14.506	20.950
Melissa-örbylgjuofn	11.562	16.950
Philips-kaffivél	2.209	3.490
Nova-kaffivél	1.600	2.490
Supertech-myndbandsspóla	406	657
Niko-myndbandsspóla	208	335
Philips-krullujárn	1.081	1.750
Melissa-krullujárn	620	999
Philips-klukkuútvarp	1.847	2.990
Elof-klukkuútvarp	1.480	2.395
Philips-grill, niðursett verð	6.488	10.500
Nova-grill	6.008	9.724

Vöflujárn (voru ófáanleg frá Philips)

Brauðristar (voru ófáanlegar 4 sneiða frá Philips)

Hrærivélar, Kitchen-Aid (voru ófáanlegar frá Philips)

Helluborð, Bauknecht (voru ófáanleg frá Whirlpool)

Samanburður á verði sé í öllum tilvikum gerður milli sambærilegra vörutegunda.

Þegar viðskiptin hafi farið fram, hafi verið til á lager hjá Miklagarði hf. óseldar vörur frá stefnda, sem stefndi hafi ekki óskað eftir að fá afhentar upp í kröfu sína á hendur Miklagarði hf.

Stefndi segir, að sýknukrafa sín sé í fyrsta lagi á því reist, að ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða. Greiðslan hafi verið eðlileg eftir atvikum, þar sem um hafi verið að ræða viðskipti milli heildsala, sem hafi verslað með sams konar vörur. Það sé viðurkennt sjónarmið í gjaldþrotarétti, þegar um slík viðskipti sé að ræða að greiðsla skuldar með þeim vörum, sem báðir aðilar skipti með, teljist ekki óvenjuleg.

Í öðru lagi sé sýknukrafa stefnda reist á því, að ákvörðunarástæða fyrir þeim viðskiptum, sem krafist sé, að rift verði, hafi ekki verið hætta á yfirvofandi gjaldþroti Miklagarðs hf., heldur hitt, að stefndi hafi haft sérstaka hagsmuni af því að fá þessar vörur vegna hagstæðs verðs. Á umræddum tíma hafi sams konar vörur og stefndi hafi tekið við ekki fengist á hagstæðara verði en Mikligarður hf. hafi boðið. Því hafi stefndi haft sérstaka hagsmuni af að kaupa umrædda vöru fremur en taka við greiðslu upp í skuld, en á þessum tíma hafi Mikligarður verið fær um að greiða stefnda í reiðufé, sem sannist af slíkum greiðslum, er hafi orðið á sama tíma og umrædd viðskipti, þegar nær var liðið að gjaldþroti.

Greiðsla Miklagarðs hf. á skuldinni með öðru en peningum teljist ekki óvenjuleg eftir atvikum, þar sem hún hafi farið fram óháð hættu á gjaldþroti Miklagarðs hf. og stefndi ekki tekið við vörunni í þeim tilgangi einum að fá einungis eitthvað upp í kröfu sína. Hefði sá verið tilgangurinn hjá stefnda með viðskiptunum, hefði mátt búast við, að hann óskaði eftir að fá til baka óseldar vörur frá sér sjálfum, sem til voru á lager hjá Miklagarði hf. Eftir því hafi stefndi ekki óskað, heldur hafi eðlileg viðskiptasjónarmið ráðið kaupunum, þ. e. að eiga viðskipti við þann heildsala, sem hafi boðið ódýrasta vöru, er verið hafi ófáanleg hjá „birgjum“ stefnda.

Auk hins hagstæða verðs hafi stefndi leitað til Miklagarðs hf., þar sem þar hafi fengist vörutegundir, er hafi verið ófáanlegar hjá umbjóðanda stefnda, Philips í Hollandi. Vegna þessa vöruskorts hjá stefnda hafi verið eðlilegt, að hann leitaði eftir umræddum vörum hjá Miklagarði hf. fremur en peningagreiðslu, t. a. m. Bauknecht-helluborðum og Kitchen Aid-hræri vélum. Þessi síðastnefndu fyrirtæki hafi verið í eigu bandaríska fyrirtækisins Whirlpool, sem einnig eigi Heimilistækjadeild Philips. Því hafi verið um sams konar vörur að ræða, og stefndi hafi lagt kapp á að fá þær frá Miklagarði hf., meðan þær hafi ekki fengist annars staðar frá. Eigandi vörumerkjanna, Whirlpool, hafi lagt á það áherslu við stefnda, að hann skipti við umboðsmann þessara vörumerkja. Nú sé stefndi umboðsmaður fyrir Kitchen Aid- og Bauknecht-vörur.

Stefndi vísi til 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og sérstaklega til þeirra riftunarskilyrða, sem þar greinir, til stuðnings sýknukröfu

sinni. Málskostnaðarkrafa stefnda sé reist á 1. mgr. 130. greinar laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi styður riftunarkröfu sína í fyrsta lagi við 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Samkvæmt þeirri grein er heimiluð riftun á greiðslu skuldar síðustu sex mánuði fyrir frestdag, m. a., ef greitt er með óvenjulegum greiðslueyri, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að skuld Miklagarðs hf., sem nam í aprílbyrjun 1993 895.995 krónum, hafi verið gerð upp með vöruúttekt stefnda og hann notað andvirði varanna til skuldajafnaðar á móti kröfu sinni á Miklagarð hf. Vöruúttekt stefnda í apríl og maí 1993 nam samtals 1.134.256 kr., en þar af voru greiddar af stefnda 311.614 kr. Nemur riftunarkrafan því fyrstnefndri fjárhæð. Ljóst er, að málið snýst um greiðslu skuldar, sem ekki er sem slík umdeild milli málsaðila og var til komin, áður en umrædd vöruúttekt fór fram.

Telja verður, að greiðsla skuldar með afhendingu á vörum sé að jafnaði óvenjulegur greiðslueyri í skilningi greinds lagaákvæðis, einnig í þeim viðskiptum, sem stefndi stundar. Greiðsla skuldarinnar var með öðrum greiðslueyri en krafan samkvæmt efni sínu hljóðaði á.

Ekki er dregið í efa, að umræddur varningur hafi komið stefnda að góðum notum. Á hinn bóginn var ekki um að ræða þann greiðslueyri, sem samið var um í upphafi eða aðilar lögðu til grundvallar, að notaður yrði. Miklagarður hf. hafði ekki í fyrri viðskiptum sínum við stefnda greitt skuldir sínar með þessum greiðslumáta. Breytir hér engu um, þótt stefndi hafi í þessum viðskiptum fengið sams konar vörur á lægra verði frá Miklagarði hf.

Með skírskotun til þessa verður að telja ósannað, að umrædd greiðsla, þ. e. afhending Miklagarðs hf. á umræddum vörum til stefnda, hafi mátt virðast venjulegur greiðslueyri í viðskiptum aðila eða virst venjuleg eftir atvikum. Verður því þegar af þeim ástæðum að fallast á heimild stefnanda til riftunar greiðslu skuldarinnar á grundvelli 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotalaga, svo sem hann gerir kröfu til. Kemur því krafa um riftun, sem studd er 141. gr. gjaldþrotalaga, ekki til úrlausnar.

Stefnandi reisir endurgreiðslukröfu sína m. a. á 1. mgr. 142. gr. gjaldþrotalaga. Samkvæmt 1. málslið þess ákvæðis skal sá, sem hag hafði af riftanlegri ráðstöfun eða fullnustugerð, greiða þrotabúinu fé, er svarar til þess, sem greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en nemur tjóni þrotabúsins. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram.

Því verður að telja rétt, að stefndi greiði búinu fé, sem svari til verðmætis greiðslu á þeim degi, er ráðstöfun var gerð, þ. e., er vörurnar voru afhentar. Nemur sú fjárhæð 895.995 kr.

Eins og fram kemur í stefnu, héldu viðskipti aðila áfram eftir umrædda vöruúttekt stefnda. Svo sem gerð var grein fyrir í sambandi við varakröfu stefnanda, nam mismunur á vörukaupum Miklagarðs hf. og greiðslum hans, eftir að umræddur skuldajöfnuður var gerður, 5.780 kr. Samkvæmt því og með tilvísun til dóms Hæstaréttar, H. 1993, 2292, ber að taka varakröfu stefnanda til greina.

Með skírskotun til framangreinds er einnig fallist á upphafsdag vaxta samkvæmt kröfu stefnanda, 1. júní 1993. Þegar tillit er tekið til þess, að greiðslan skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur tjóni þrotabúsins, telur dómurinn rétt, að fjárhæðin beri vexti, sem séu jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 24/1987, frá 1. júní 1993 til þingfestingardags, 5. apríl 1994, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 5. apríl 1995.

Samkvæmt úrslitum málsins og með tilvísun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Greiðslu skuldar Miklagarðs hf. við stefnda, Heimilistæki hf., að fjárhæð 895.995 kr., er rift. Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Miklagarðs hf., 890.215 kr. með vöxtum, sem séu jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, frá 1. júní 1993 til 5. apríl 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og enn fremur 150.000 kr. í málskostnað. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 5. apríl 1995.